

REGLUGERÐ

um gagnkvæma viðurkenningu á vörum og um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Innleiðing

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 frá 19. mars 2019 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 764/2008, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2020 frá 14. júlí 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 13. ágúst 2020, bls. 169-186.
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1668 frá 10. nóvember 2020 þar sem tilgreindar eru nánari upplýsingar um upplýsinga- og fjarskiptakerfið, sem nota skal að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki, og virkni upplýsinga- og fjarskiptakerfisins, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2023 frá 3. febrúar 2003. Framkvæmdarreglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75, frá 19. október 2023, bls. 22.

2. gr.

Gildissvið o.fl.

Reglugerðin gildir um málsmeðferð sem lögbær yfirvöld eiga að fylgja þegar þau taka ákvörðun, eða hyggjast taka ákvörðun, á grundvelli tæknireglu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/515, ef beinu eða óbeinu áhrifin af ákvörðuninni eru að takmarka eða synja um markaðsaðgang.

3. gr.

Vörutengiliðir, gagnkvæm aðstoð o.fl.

Vörutengiliðir skulu, m.a. að beiðni rekstraraðila eða lögbærra stjórnvalda í öðru aðildarríki, sbr. 2. gr., veita upplýsingar m.a. um tæknireglur sem gilda um tiltekna vöru á yfirráðasvæðinu þar sem þessir vörutengiliðir hafa staðfestu, hvort vörutegundin fellur undir kröfu um fyrirframleyfi samkvæmt lögum aðildarríkis þeirra svo og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515.

Vörutengiliður á Íslandi er menningar- og viðskiptaráðuneytið. Um starfshætti og skyldur fer skv. III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515.

4. gr.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og eftirlitsstjórnvöld.

Eftirlitsstjórnvöld með vöru bera ábyrgð hver á sínu sviði með markaðseftirliti á vörum í samræmi við lög og reglugerðir sem þau fara með framkvæmd á og teljast því lögbær yfirvöld í skilningi þessarar reglugerðar. Eftirlitsstjórnvöld skulu við málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki beita ákvæðum þessarar reglugerðar telji þau ástæðu til að fresta tímabundið eða varanlega markaðssetningu vöru sem löglega hefur verið markaðssett í öðru EES-ríki eða á annan hátt hafa í hyggju að taka stjórnvaldsákvæðanir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Tollayfirvöld hafa eftirlit og bera ábyrgð á framkvæmd ákvæða 27.-29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 og aðstoða eftirlitsstjórnvöld á sviði markaðseftirlits með vörum í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ber ábyrgð í samræmi við löggjöf sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitir jafnframt rekstraraðilum og öðrum stjórnvöldum aðstoð vegna beitingar reglugerðar þessarar í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Stjórnsýsla, viðurlög o.fl.

Um stjórnsýsluúrræði, málsmeðferð, viðurlög o.fl. fer eftir IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við getur átt, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 27. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum, og með hliðsjón af lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.